

Hverfisráð Hríseyjar

28. fundur

Þriðjudaginn 11.nóvember 2008 kl.18:00 var 28. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.

Mætt voru: Kristinn, Linda María, Ingimar, og Þorgeir

Dagskrá:

1. Bréf frá skipulagsstjóra dags. 31.10.2008
Þar leggur skipulagsstjóri til að teiknistofunni X2 hönnun-skipulag ehf, verði falið að endurskoða Aðalskipulag Hríseyjar í samráði við skipulagsdeild. Einnig hafa þeir óskað eftir fundi með Hverfisráði.
2. Borgarafundur 2008
Nú líður að árlegum borgarafundi sem Hverfisráð stendur fyrir. Ekki er endanlega ljóst hvað dag það getur orðið.
Á þessum fundi verður m.a. kynnt staðan á tilraunaverkefninu “eyðing skógakerfis í Hrísey”.
3. Atvinnumál
Rætt um efnahagsástandið í landinu og þá staðreynd að búið sé að segja upp 12 manns í fiskvinnslu í Hrísey fá og með 1.desember.
“ Hverfisráð mun óska eftir að fá fulltrúa til að kynna almannaheillanefnd á borgarafundi í Hrísey”.
4. Önnur mál:
 1. Ljóst er að vegir í Hrísey eru orðnir mjög slitnir, bæði Lambhagavegur og Austurvegur. Brýnt er að farið verði í endurbætur á þeim strax næsta sumar.
 2. Kartöflugeymslan:
Þakið á geymslunni er hrunið að hluta og af þeim sökum skapast mikil slyshætta. Einhugur er um að kartöflugeymslan verði endurnýjuð.
Ritari tekur að sér að hafa samband við FAK og láta vita um þetta og falast eftir viðgerð á þakinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30

Kristinn Fr. Árnason
Linda María Ásgeirsdóttir
Kristján Ingimar Ragnarsson
Þorgeir Jónsson

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Guðrúnu Kristjánsdóttur